Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland | Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 03. apríl 2017
UST201702-177/K.S.J.
10.04.02

**Efni: Rangárþing ytra, tillaga að breyttu aðalskipulagi í landi Árbæjarhellis II.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra í landi Árbæjarhellis.

**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að í ofangreindri breytingu felst að 3 ha svæði í landi Árbæjarhellis sem er jörð vestan Rangár ytri og skammt ofan við Hellu, breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu. Einnig kemur fram að í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Einnig kemur fram að svæðið er flatlendur algróinn mói. Á svæðinu er gert ráð fyrir ferðaþjónustu m.a. rekstri gistiþjónustu. Umhverfisstofnun tekur undir það að við framkvæmdir skuli halda dreifbýlisyfirbragði byggðarinnar.

**Fráveita**

Umhverfisstofnun minnir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur